

Reykjavík, 21. febrúar 2019

R18110255

3540

bþ

Skóla- og frístundasvið

Borgartúni 12-14
105 REYKJAVÍK

Framhaldsfyrirspurn áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins um hvort börn hafi þurft að hætta á frístundaheimili vegna fjárhagsvanda

Á fundi borgarráðs þann 21. febrúar 2019 var svohljóðandi fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins um hvort börn hafi þurft að hætta á frístundaheimili vegna fjárhagsvanda vísað til umsagnar skóla- og frístundasviðs:

Vísað er til svars skóla- og frístundasviðs, dags. 14. febrúar 2019, við fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins um hvort börn hafi þurft að hætta á frístundaheimilum vegna fjárhagsvanda. Í ljósi þessa svars er spurt hvort þá megi álykta sem svo að enda þótt skuldin sé aldrei greidd verði barni örugglega aldrei vísað frá. Ef skuldin er aldrei greidd á tímabilinu sem barnið er í frístundinni verður hún þá felld niður eða mun koma að skuldadögum síðar og þá jafnvel eftir að barnið er hætt í frístund með öllu?

Umsögn óskast send innan 21 dags.

Helga Björk Laxdal
e.u.